



Ársskýrsla **Isavia** 2011



Ársskýrsla Isavia fyrir árið 2011 er að hluta til unnin rafrænt. Með því vill félagið lágmarka prentaðar útgáfur og þ.a.l. vera umhverfisvænna.


Rafræni hluti ársskýrslu Isavia er aðgengilegur á vefslóðinni [www.isavia.is/arsskyrsla](http://www.isavia.is/arsskyrsla)



## Efnisyfirlit



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS .....	3
HLUTVERK SVIÐA .....	7
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI .....	8
REKSTUR OG AFKOMA .....	10
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA .....	12
SKÝRSLA STJÓRNAR .....	13
YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2011 .....	14
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2011 .....	15
YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ 2011 .....	16
YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2011 .....	17
SKÝRINGAR .....	18





## Ávarp stjórnarformanns

---

Fyrsta heila rekstrarár Isavia er að baki. Árið hefur einkennst af miklum sviptingum og breytingum á rekstrarumhverfi. Félagið hlaut eldskírni sína á sameiningartímanum vorið 2010 við stjórnun aðgerða sem grípa þurfti til vegna gossins í Eyjafjallajökli. Þetta var tími mikilla tilfæringa, stór hluti loftrýmis yfir Íslandi lokaðist, tengiflugsstarfsemi Icelandair var af þeim sökum flutt tímabundið úr landi og Evrópuflugið flutt til Akureyrar. Í Grímsvatnagosinu vorið 2011 var reynslan frá árinu áður nýtt og var fólk því betur undirbúið og hafði betri stjórn á málum. Loftrýmislokarnir urðu mun umfangsminni og röskun á starfsemi flugvalla landsins var í lágmarki miðað við aðstæður. Eftir þessu hefur verið tekið á alþjóðavettvangi og innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er talið að skynsamlega hafi verið brugðist við. Fjöldi starfsmanna Isavia átti stóran þátt í að svo farsællega tókst til.


Vöxtur í millilandaflugi var mikill og án forðæmis, t.d. jókst umferð um Keflavíkflugvöll um 18% milli ára. Aukningin hefur styrkt fjárhagsgrundvöll félagsins til muna svo heita má að tekjur af Keflavíkflugvelli standi undir rekstrarkostnaði hans. Allt útlit er fyrir að enn frekari umferðaraukning verði á næstu árum og þarf að ráðast í kostnaðarsöm verkefni til stækkunar á innviðum flugstöðvarinnar og flugvallarins í nokkrum áföngum og er undirbúningur þegar hafinn. Öðru máli gegnir um rekstur innanlandsflugvallakerfisins. Það er í eðli sínu þyngra í rekstri vegna færri flugfarþega, fjölda lendingarstaða og hertra reglna um flugvallarekstur og öryggi. Framlög frá ríkinu hafa ekki náð að halda í við kostnaðarhækkanir og því stefnir í að leggja þurfi niður nokkra flugvelli og/eða lendingarstaði í nágrenni framtíð. Slíkt er þó í raun ekki ákvörðun Isavia, heldur samgönguyfirvalda sem ákvarða þjónustustig í innanlandsflugvallakerfinu. Isavia annast reksturinn á

grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið og skuldbindur sig til þess að gera það eins vel og með eins hagkvæmum hætti og fjárveitingar leyfa.

Lítilsháttar aukning varð í flugumferð yfir landinu árið 2011 en Isavia sér um stjórnun flugumferðar í efra loftrými yfir stórum hluta af norðvestanverðu Norður-Atlantshafi skv. samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina. Þessi þjónusta veitir á annað hundrað manns vinnu þ.m.t. flugumferðarstjórum, tæknimönnum og skrifstofufólki hjá félaginu og skilar rúmlega 3,3 milljörðum króna í hreinum gjaldeyrstekjum fyrir þjóðarbúið. Halda þarf þétt utan um þennan samning því blikur eru á lofti varðandi skipulag þessarar þjónustu í nágrenni framtíð en ýmis ríki vildu gjarnan hafa þessa þjónustu á sínum snærum.

Þegar á heildina er litið getur félagið verið nokkuð sátt við afkomu ársins 2011. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði er um 3,6 milljarðar króna eða um 22% af tekjum og hagnaður eftir skatta er um 600 milljónir króna. Sjóðsmyndunin nægir til þeirra framkvæmda sem félagið telur nauðsynlegt að ráðast í en til lengri tíma litið er fjármunamyndunin ófullnægjandi eigi hún að standa undir allri nauðsynlegri fjárfestingu. Afkoma telst þó góð miðað við að íslenskt samfélag glímir við dýpstu efnahagskreppu lýðveldistímans.

Staðhæfa má að framtíð félagsins er björt. Félagið býr yfir miklum mannauði, starfsfólk þess er vel menntað fagfólk og hefur metnað til þess að vera í fremstu röð í heiminum á sínu sviði. Niðurstaða þjónustukönnunar alþjóðasamtaka flugvalla, Airports Council International, þar sem Keflavíkflugvöllur lenti í fyrsta sæti evrópskra flugvalla í sínum stærðarflokki á síðasta ári er dæmi um frábæran árangur.



Sameining félaga í Ísavia árið 2010 reyndist heilla-  
spor. Félagið hefur náð að hagræða og spara í  
rekstri fyrir hundruð milljóna króna. Það hefur  
styrkst fjárhagslega og faglega og er nú eitt af 40  
stærstu fyrirtækjum landsins miðað við veltu.

Á aðalfundi Ísavia 5. maí 2011 var samþykktum  
félagsins breytt og stjórnarmönnum, bæði aðal-  
og varamönnum, fækkað úr sjö í fimm.

Aðalmenn voru kosnir: Arnbjörg Sveinsdóttir  
bæjarfulltrúi og varaþingmaður, Ásta Rut Jónas-  
dóttir viðskiptafræðingur, Jón Norðfjörð fram-  
kvæmdastjóri, Ragnar Óskarsson framhalds-  
skólakennari og Þórólfur Árnason verkfræðingur.  
Í varastjórn voru kosin: Arngrímur Jóhannsson,  
Jónas Bjarnason, Jóhanna Harpa Árnadóttir,  
Ólafur Sveinsson og Sigrún Pálsdóttir.

Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund skipti stjórnin  
með sér verkum og var Þórólfur Árnason kjörinn  
formaður og Ragnar Óskarsson varaformaður.

Stjórnin hefur haldið ellefu fundum frá aðalfundi  
2011. Reglulegir fundir stjórnar eru haldnir síð-  
asta fimmtudag í hverjum mánuði. Varamenn  
voru boðaðir sérstaklega á desemberfundinn  
þegar rekstraráætlun félagsins fyrir 2012 var til  
umfjöllunar og þegar ársreikningur 2011 var  
afgreiddur 29. mars 2012.

Stjórnin hefur sett sér það markmið að heim-  
sækja og halda stjórnarfundum á helstu starfs-  
stöðvum félagsins með reglulegu millibili. Stjórn-  
arfundur var haldinn á Ísafirði 29. september 2011  
og hitti stjórnin starfsmenn flugvallarins og  
kynnti sér starfsemi flugvallanna á Ísafirði og  
Þingeyri. Farið var yfir málefni flugvallanna á  
Vestfjörðum með umdæmisstjóra og framtíð  
einstakra flugvallanna rædd, rekstrar- og hagræð-  
ingarverkefni framundan í umdæminu og fram-


kvæmda- og endurbótapörf á flugvöllum.  
Einnig voru ræddir möguleikar til þess að auka  
umferð um Ísafjarðarflugvöll s.s. í tengslum við  
uppbyggingu á þjónustu við byggðirnar á Austur-  
Grænlandi sem hugsanlega yrði rekin frá Ísafirði.

Þá hitti stjórnin bæjarstjóra og bæjarfulltrúa Ísa-  
fjarðarbæjar ásamt forystumönnum í ferða-  
þjónustu á norðanverðum Vestfjörðum og var  
farið yfir sameiginleg hagsmunamál. Stjórnar-  
fundir voru að öðru leyti haldnir til skiptis á  
Reykjavíkurlugvelli og Keflavíkurlugvelli.

### Skipulagsmál

Eitt af stærri föstum verkefnum stjórnar Ísavia  
eru skipulagsmál á flugvöllum landsins og eru þar  
skipulagsmál Keflavíkurlugvallar fyrirferðar-  
mest. Á Keflavíkurlugvelli hefur félagið ásamt  
skipulagsnefnd flugvallarins skipulagsvald á  
sveitarstjórnarstigi, þ.e. aðal- og deiliskipulag  
flugvallarins er unnið á ábyrgð og kostnað Ísavia.  
Unnið er að gerð nýs aðalskipulags fyrir flugvöll-  
inn sem áætlað er að taki gildi árið 2013. Þar er  
allt undir enda fyrsta endurskoðun á skipulaginu  
síðan að varnarliðið hvarf af landi brott haustið  
2006. Teknar eru fyrir grundvallarspurningar  
varðandi framtíð og þróun flugvallarins s.s. fjöldi  
flugbrauta og lega þeirra, þróun og stækkun Flug-  
stöðvar Leifs Eiríkssonar og hvað eigi að gera við  
stór flughlöð og mannvirki á austursvæði flug-  
vallarins þar sem gamla flugstöðin og stóra flug-  
skýlið frá tímum varnarliðsins eru staðsett.  
Nokkur tækifæri eru til uppbyggingar á flug-  
tengdri starfsemi á svæðinu og er aðalskipulags-  
vinnunni ætlað að skilgreina mögulega starfsemi  
og umfang hennar.

Stjórnin hefur einnig fjallað um skipulagsmál og  
uppbyggingu Reykjavíkurlugvallar. Samkomu-  
lag um uppbyggingu á núverandi flugstöðvarreit  
er í burðarliðnum en gert er ráð fyrir að núver-



andi flugstöð verði endurbyggð. Mun Isavia að öllum líkindum leiða það verkefni. Þá stýttist vonandi í að komið verði upp nútímalegri aðstöðu fyrir flugrekendur í innanlandsflugi sem skort hefur sárlega um langt árabíl. Fyrirhugað er að aðstaðan verði byggð upp þannig að hægt verði með tiltölulega auðveldum hætti að breyta henni til annarra nota komi til þess að Reykjavík-urflugvöllur verði lagður niður í framtíðinni. Tím- inn einn mun leiða í ljós framtíð Reykjavíkflug- vallar en þó er ljóst að verði hann lagður niður mun ekki verða byggður nýr innanlandsflug- völlum af þessari stærð, hvorki á Hólmsheiði né Lönguskerjum. Áætlunarflugið mun þá flytjast til Keflavíkur en byggja þyrfti sérstakan einka- og kennslflugvöll á suðvesturhorninu sökum yfirálags á flugbrautum sem flutningur þess til Keflavíkur hefði í för með sér. Mundi Isavia væntanlega hafa það verkefni með höndum.

### Starfsmannamál

Eitt af því sem stjórninni er hugleikið og lítur á sem sitt verkefni er að efla þann góða hóp fólks sem starfar hjá Isavia. Stjórnin er meðvituð um að ekki er sjálfsagt mál að í öllu því sameiningar- umróti sem á starfsmönnum hefur dunið síð- ustu ár komi út sterkur og samheldinn hópur. Hefur stjórnin lagt áherslu á að halda vel utan um starfsmannamál, fræðsla og þjálfun hafa verið í öndvegi, heilsustefna, jafnréttisstefna og siðareglur hafa verið innleiddar auk þess sem kjarasamningar eru í föstum skorðum og reynt er að leysa vel og farsælega úr öllum vandamálum. Áhugavert hefur verið að fylgjast með innleiðingu hugmyndafræðinnar um „basic airport“ sem gengur út á að mörg störf á flug- völlum séu samþætt í eitt. Þetta hefur m.a. haft í för með sér grundvallarbreytingar á slökkvi- og viðbúnaðarþjónustu á stærstu flugvöllum Isavia með breyttum starfslýsingum. Ráðist var í viðá-

mikla könnun meðal starfsmanna á nýliðnum vetri þar sem reynt er að komast að viðhorfum starfsfólks til fyrirtækisins og eigin starfa. Ætl- unin er að nota niðurstöður könnunarinnar til þess að gera Isavia að enn betri vinnustað og þetta hópinn.

Yfirlýst markmið félagsins er að veita flugrek- endum, aðilum sem þarfnast nálægðar við flug- velli og viðskiptavinum þeirra og félagsins örugga og þægilega þjónustu með rekstri flug- valla, flugstöðva, flugleiðsöguþjónustu og tengdri starfsemi. Þjónusta okkar miðar að því að vera örugg, hagkvæm og í hæsta gæðaflokki á alþjóðlegum mælikvarða.

### Störf í ferðapjónustu

Sem hluti af stefnumörkun félagsins fyrir tveimur árum var ákveðið að félagið gengi í Samtök ferðapjónustunnar (SAF) sem er aðili að Samtökum atvinnulífsins. Með því var undir- strikað að félagið er hluti af ferðapjónustunni í landinu og er annað stærsta félagið innan þeirra samtaka. Á aðalfundi SAF þann 22. mars sl. var fulltrúi félagsins kjörinn í stjórn samtakanna og eru það að sönnu tímamót að næst stærsta félagið í samtökunum fái fulltrúa í stjórninni. Rödd félagsins fær þannig að hljóma innan ferðapjónustunnar og félagið getur með auknum krafti veitt góðum málefnum á þeim vettvangi liðsinni.

Félagið tekur með virkum hætti þátt í að auka ferðamannastraum til landsins með innleiðingu sérstaks hvatakerfis fyrir flugfélög utan háannatímans og miðað við farþegaaukningu. Framtakið hefur skilað góðum árangri með nýjum flugleiðum og áfangastöðum. Isavia er einnig þátttakandi í verkefninu „Ísland allt árið“ ásamt öðrum hagsmunaaðilum í ferðapjónustu



en það miðar að því að ná ferðamönnum til landsins utan sumartímans. Lagði félagið 20 milljónir króna til verkefnisins á liðnu ári. Þá er einnig á þeim vettvangi í athugun hvernig nýta megi slagkraft félagsins til þess að auka flugumferð um stærstu landsbyggðarflugvöllina, þ.e. Akureyri og Egilsstaði. Í sumar mun Icelandair fljúga fjórum sinnum í viku á F50 flugvélum milli Keflavíkur og Akureyrar og mun það tengjast leiðarkerfi Icelandair við Evrópu og Norður-Ameríku. Iceland Express mun í sumar halda áfram beinu millilandaflugi milli Akureyrar og Kaupmannahafnar auk þess sem nokkur flug verða milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar með félaginu. Einnig er unnið að því að auka tíðni flugs milli Reykjavíkur og Grænlands og verið að skoða möguleika á flugi milli Ísafjarðar og Austur-Grænlands.

### Lokaorð

Ferðapjónustan á Íslandi hefur hafið stærstu sókn sem orðið hefur um langt árabil. Isavia og forverar þess hafa gegnt stóru hlutverki í þeirri uppbyggingu sem liggur til grundvallar því að góður árangur náist. Til þess að svo megi verða áfram verður félagið að vera öflugt og reiðubúið að leysa sérhvert verkefni sem íslenskt samfélag kýs að fela flugvalla- og flugleiðsögufélagi sínu.

Ég vil þakka stjórn félagsins, Birni Óla Hauksyni forstjóra og starfsfólki öllu góð störf og samvinnu á liðnu starfsári.

*Fyrir hönd stjórnar Isavia,  
Þórólfur Árnason formaður*



Stjórn og forstjóri Isavia, frá vinstri: Þórólfur Árnason, Ragnar Óskarsson, Jón Norðfjörð, Ásta Rut Jónasdóttir, Björn Óli Hauksson og Arnbjörg Sveinsdóttir.



# Hlutverk sviða

Hlutverk **flugleiðsögusviðs** er að veita íslenskum og erlendum flugförum flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu í innanlands- og alþjóðaflugi yfir Norður-Atlantshafi. Íslenska flugstjórnarsvæðið er eitt af þeim stærri í heiminum, alls um 5,4 milljónir ferkílómetra.

**Flugvalla- og mannvirkjasvið** hefur með höndum rekstur og viðhald á öllum flugvöllum landsins utan Keflavíkflugvallar. Þar með talið flugbrautir og byggingar, vélbúnaður, ljósabúnaður og flugvernd. Mannvirkjaþjónusta sviðsins sér um sérhæfða stoðþjónustu við önnur rekstrarsvið fyrirtækisins í tengslum við viðhald og uppbyggingu mannvirkja.


Starfsemi **Keflavíkflugvallar** felst í rekstri, viðhaldi og eftirliti með athafnasvæðum loftfara og hreinsun þeirra, sjónrænum leiðsögu-búnaði flugvallarins og olíuskiljum, fælingu fugla og annarra dýra, rekstri á þotugildrum, hlaðstjórn og stæðisúthlutun auk reksturs vélaverkstæðis og þess að annast slökkvi- og björgunarþjónustu.

**Flugstöð Leifs Eiríkssonar** annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugstöðvarinnar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, stuðning við þjónustuaðila í flugstöðinni, starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, flugvernd auk annarrar starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar.

**Fjármálasvið** vinnur þvert á allar rekstrareiningar fyrirtækisins og þjónar þeim. Sviðið skiptist í skrifstofu, fjármála- og starfsmannaþjónustu, viðskiptaþróun og kerfisþjónustu. Á sviðinu er yfirumsjón og eftirlit með reikningshaldi og fjárreiðum félagsins. Sviðið sér einnig um mannauðsmál, þjálfun og fræðslu, vinnuvernd, kjaramál og almenn starfsmannamál. Markaðs- og kynningarmál félagsins heyrja einnig undir fjármálasvið.

**Skrifstofa yfirstjórnar** er stoðdeild við stjórn félagsins, forstjóra og rekstrarsviðin. Hlutverk hennar er að vinna að hvers konar verkefnum sem varða stefnumótun og samhæfingu á starfsemi rekstrarsviða á borð við lögfræðileg verkefni, samskipti við ráðuneyti, samningagerð og alþjóðleg þróunar- og rannsóknarverkefni. Þar er einnig umsjón með samhæfingu og stefnumörkun í flugvallarþjónustu og flugvernd hjá félaginu, skipulags- og sveitarstjórnarmálum, umsýslu vegna stjórna Isavia, Fríhafnarinnar og Tern Systems, gerð þjónustusamninga, umsjón með varnartengdum verkefnum og skjalavistun.

**Staðla- og gæðadeild** starfar í tengslum við skrifstofu yfirstjórnar og annast heildarskipulagningu og samhæfingu öryggis- og gæðamála fyrirtækisins. Þar fer fram yfirumsjón með að kerfislýsingar og verklag sé í samræmi við þar að lútandi kröfur, virkt eftirlit og leiðrétting frávik. Umhverfismál eru einnig vinstuð á sviðinu.





## Lykiltölur úr rekstri

---

ÚR REKSTRARREIKNINGI	2011	2010
Tekjur	16.511	14.136
Ebitda	3.653	3.045
Ebit	2.302	1.723
Fjármunatekjur/gjöld	-1.542	843
Hagnaður fyrir skatta	760	2.567
Rekstrarhagnaður	604	2.125

### ÚR EFNAHAGSREIKNINGI

Varanlegir rekstrarfjármunir	21.615	22.017
Eignir	32.520	32.069
Eigið fé	10.917	10.302
Vaxtaberandi skuldir	17.728	18.348
Veltufjárlutfall	1,21	1,01

### ÚR SJÓÐSTREYMI

Rekstrarhreyfingar	3.545	1.590
Fjárfestingahreyfingar	-725	-715
Fjármögnunarhreyfingar	-1.721	-1.247
Handbært fé í lok tímabils	2.609	1.506


### KENNITÖLUR

Framlegðarhlutfall rekstrar	22%	22%
Hagnaðarhlutfall	4%	15%
Veltuhraði eigna	0,51	0,43
Arðsemi eiginfjár	6%	23%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár	11%	38%
Eiginfjárlutfall	34%	32%

Fjárhæðir í milljónum króna


## Tekjur samstæðunnar

////////////////////////////////////




## Tekjur af flugvallabjónustu

////////////////////////////////////



## Rekstrarkostnaður

////////////////////////////////////



## Rekstur og afkoma

Tekjur Isavia eru af flugumferð, flugvallapjónustu, verslunarrekstri og þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið vegna reksturs á flugvöllum og aðrar tekjur s.s. fasteignatekjur. Tekjur félagsins hafa aukist um 16,8% milli ára, úr 14.136 milljónum króna í 16.511 milljónir árið 2011. Mesta aukningin varð í tekjum vegna flugvallapjónustu sem jukust um 83% en tekjur af þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið lækkuðu um 33%. Breytingin er vegna niðurfellingar á flugvallarsköttum og varaflugvallargjaldi sem tók gildi 18. maí 2011 en þá voru sett á farþega gjöld sem fara beint til reksturs hvers flugvallar fyrir sig. Farþegafjöldi jókst um 18% á Keflavíkurlflugvelli en þar af var um 9% aukning á brottfararfarþegum. Fjöldun farþega skilaði bæði aukningu í farþegatekjum og verslunar- og fasteignatekjum félagsins. Verslunartekjur Fríhafnarinnar voru 6.219 milljónir króna en voru um 5.232 milljónir árið 2010 sem er um 18,9% aukning og er í takt við farþegaaukninguna. Þess ber að geta að aukning í svonefndum skiptifarþegum, þ.e. farþegum sem fara í gegnum flugstöðina á mjög skömmum tíma en koma ekki inn í landið, er um 20% og hefur verið erfitt að ná þeim inn í verslanir félagsins. Verslanir Fríhafnarinnar sem þessir farþegar koma mest í hafa verið endurinnréttaðar með það að markmiði að markaðssetja Ísland og selja íslenskar vörur og hefur það gengið mjög vel. Tekjur vegna alþjóðflugþjónustunnar sem eru samkvæmt samningi (Joint Finance) við tuttugu og þrjú aðildarríki Alþjóðflugmálastofnunarinnar voru 3.350 milljónir króna árið 2011 sem er 16% aukning frá árinu 2010.

### Skipting tekna:

	2011	2010
Flugleiðsöguþjónusta	3.350	2.893
Flugvallapjónusta	3.117	1.700
Fasteignatekjur	1.539	1.287
Verslunartekjur	6.219	5.232
Þjónustusamn. IRR	1.717	2.573
Aðrar tekjur	570	450

\*Fjárhæðir í milljónum króna

Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta var 3.653 milljónir króna eða um 22,1% framlegðarhlutfall rekstrar samanborið við 21,5% framlegðarhlutfall árið 2010.

Rekstrarkostnaður hefur aukist um 16% milli ára eða úr 11.091 milljón króna í 12.858 milljónir króna. Þar af hefur kostnaðarverð seldra vara hækkað um 34% milli ára vegna aukinnar sölu en einnig vegna nýrrar skattlagningar á rekstur komuverslun Fríhafnar sem tók gildi 1. janúar 2011. Fríhöfnin greiðir nú 10% af því áfengisgjaldi sem gildandi er hverju sinni og 40% af tóbaksgjaldi. Þetta á þó aðeins við um vörur sem seldar eru í komuverslun. Árið 2011 skilaði Fríhöfnin því um 281 milljón króna í áfengis- og tóbaksgjald til ríkissjóðs. Launakostnaður hækkaði einnig töluvert eða um 10%. Sérstök gjaldfærsla vegna lífeyrisréttinda frá því að Flugstöðir ohf. var stofnað árið 2007 var gjaldfærð að fullu, samtals 227 milljónir króna vegna árána 2007 – 2010. Stöðugildum hefur einnig fjölgað úr 707 í 729, að mestu vegna aukinna umsvifa á Keflavíkurlflugvelli.



Heildarafkoma ársins 2011 er 604 milljónir króna sem er um 1.520 milljóna króna lækkun frá fyrra ári. Helsti áhrifavaldurinn í þeim viðsnúningi eru breytingar á fjármagnsgjöldum en vegna veikingar krónunnar eru verðbætur og gengismunur um 944 milljónir króna. Styrking krónunnar árið 2010 skilaði 1.399 milljóna króna gengishagnaði og því er um að ræða viðsnúning að upphæð 2.343 milljónir króna.

Heildareignir Isavia í árslok 2011 eru bókfærðar á 32.520 milljónir króna. Þar af eru fastafjármunir 27.896 milljónir króna. Nettóskuldir félagsins, þ.e. skuldir að frádregnum veltufjármunum, eru 16.979 milljónir króna og hafa lækkað um 1.379 milljónir á milli ára. Lán voru greidd niður á árinu um 1.712 milljónir króna en veiking íslensku krónunnar hækkaði lánastöðu félagsins um 1.013 milljónir. Næsta árs afborganir langtímaskulda nema um 1.356 milljónum króna. Eiginfjárlutfall félagsins var í árslok 33,6% en var 24,6% við stofnun árið 2010.

Fjárfestingar og meiriháttar viðhald hafa að mestu legið niðri annað árið í röð m.a. vegna mikillar óvissu um tekjugrunn félagsins ásamt fjármagnsskipan þess. Félagið er mjög skuldsett og erfitt er um vik að ráðast í stórar framkvæmdir nema hægt sé að taka stóran hluta kostnaðar úr rekstri. Nú er svo komið að náðst hefur að byggja upp nokkuð sterka lausafjárstöðu þannig að ráðast megi t.d. í stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, endurnýjun á búnaði og tækjum sem eru farin að verða nokkuð dýr í rekstri, ásamt því að hefja gerð umfangsmikillar viðhaldsáætlunar vegna flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli, verði niðurstaðan sú að Isavia skuli annast endurbætur þeirra en ekki er gert ráð fyrir því í afnotasamningi félagsins.



## Áritun óháðs endurskoðanda

---

### Til stjórnar og hluthafa Isavia ohf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2011. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, efnahag hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Keflavíkurflugvelli, 29. mars 2012

Deloitte ehf.

  
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi

  
Guðmundur Kjartansson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Isavia ohf. var stofnað 31. janúar 2010 og er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli. Félagið er sameinað félag Keflavíkflugvallar ohf. og Flugstoða ohf. og byggir samruninn á lögum nr. 153/2009. Sameining félanna miðaðist við 1. janúar 2010. Flugfjar-skipti ehf., dótturfélag Isavia ohf. sameinaðist félaginu þann 1. júlí 2010.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlega reiknings-skilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu félagsins námu rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2011 um 16.511 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 604 milljónum króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildar-eignir samstæðunnar um 32.520 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok árs 2011 um 10.917 milljónum króna og er eiginfjárlutfall félagsins 33,57%.


Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður eins og við stofnun félagsins. Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í ársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Keflavíkflugvelli, 29. mars 2012

### Í stjórn

  
Þórólfur Árnason  
stjórnarformaður

  
Arnbjörg Sveinsdóttir

  
Jón Norðfjörð

### Forstjóri

  
Björn Óli Hauksson

  
Ásta Rut Jónasdóttir

  
Ragnari Óskarsson

# Yfirlit um heildarafkomu ársins 2011

		Samstæða	
	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur .....	4	16.511.046.802	14.135.853.449
Kostnaðarverð seldra vara .....		(3.349.133.205)	(2.502.617.146)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	(6.833.415.293)	(6.193.813.269)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(585.187.660)	(617.712.535)
Annar rekstrarkostnaður .....		(2.090.600.790)	(1.777.083.000)
Afskriftir .....	8,9	(1.350.681.831)	(1.321.226.252)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>2.302.028.023</b>	<b>1.723.401.247</b>
Fjármunatekjur .....	6	181.890.343	218.640.386
Fjármagnsgjöld .....	6	(779.769.782)	(774.023.211)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum .....	6	(944.456.148)	1.398.578.668
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<b>759.692.436</b>	<b>2.566.597.090</b>
Tekjuskattur .....	7	(155.638.990)	(442.216.088)
<b>Heildarafkoma ársins</b>		<b>604.053.446</b>	<b>2.124.381.002</b>
<b>Skipting heildarafkomu ársins</b>			
Hlutdeild meirihluta í afkomu .....		605.873.859	2.125.176.944
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....		(1.820.413)	(795.942)
		<b>604.053.446</b>	<b>2.124.381.002</b>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2011	31.12.2010
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	21.614.940.701	22.016.631.821
Óefnislegar eignir .....	9	6.052.270.939	6.224.146.206
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....	11	146.487.201	182.741.353
Reiknuð skattinneign .....	18	82.286.900	236.848.317
		<u>27.895.985.741</u>	<u>28.660.367.697</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	12	399.412.623	369.920.223
Viðskiptakröfur .....	13	1.178.826.457	1.063.860.059
Næsta árs hluti langtímakrafna .....	11	68.433.787	89.634.609
Aðrar skammtímakröfur .....	13	368.374.100	378.975.750
Handbært fé .....	13	2.608.984.866	1.506.340.263
		<u>4.624.031.833</u>	<u>3.408.730.904</u>
<b>Eignir</b>		<u>32.520.017.574</u>	<u>32.069.098.601</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	14	5.589.063.362	5.589.063.362
Lögbundinn varasjóður .....		2.483.798.000	2.483.798.000
Sérstakur endurmatsreikningur .....		52.465.520	55.156.060
Óráðstafað eigið fé .....		2.783.923.808	2.175.359.409
Eigið fé meirihluta eigenda .....		<u>10.909.250.690</u>	<u>10.303.376.831</u>
Hlutdeild minnihluta .....		7.434.904	(1.143.819)
Eigið fé		<u>10.916.685.594</u>	<u>10.302.233.012</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	15	17.723.942.616	18.342.130.504
Fjármögnunarleigusamningar .....	16	3.900.386	5.579.247
Tekjuskattsskuldbinding .....	18	38.519.313	32.875.072
		<u>17.766.362.315</u>	<u>18.380.584.823</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	19	859.093.358	530.873.228
Ríkissjóður .....		131.522.115	389.971.326
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	19	1.355.795.677	1.356.803.204
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	7	15.520.453	20.087.121
Aðrar skammtímaskuldir .....	19	1.475.038.062	1.088.545.887
		<u>3.836.969.665</u>	<u>3.386.280.766</u>
Skuldir		<u>21.603.331.980</u>	<u>21.766.865.589</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>32.520.017.574</u>	<u>32.069.098.601</u>

## Yfirlit um eigið fé 2011

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2010 .....	5.589.063.362	2.483.798.000	0	50.182.465	(347.877)	8.122.695.950
	5.589.063.362	2.483.798.000	0	50.182.465	0	8.122.695.950
Endurmat eigna hjá dótturfélagi .....	0	0	55.156.060	0	0	55.156.060
Heildarafkoma ársins .....	0	0	0	2.125.176.944	(795.942)	2.124.381.002
Eigið fé 31. desember 2010 .....	5.589.063.362	2.483.798.000	55.156.060	2.175.359.409	(1.143.819)	10.302.233.012
Eigið fé 1. janúar 2011 .....	5.589.063.362	2.483.798.000	55.156.060	2.175.359.409	(1.143.819)	10.302.233.012
Endurmat afskrifað .....	0	0	(2.690.540)	2.690.540	0	0
Fjárfesting minnihluta .....	0	0	0	0	10.399.136	10.399.136
Heildarafkoma ársins .....	0	0	0	605.873.859	(1.820.413)	604.053.446
Eigið fé 31. desember 2011 .....	5.589.063.362	2.483.798.000	52.465.520	2.783.923.808	7.434.904	10.916.685.594

Engin arðgreiðsla var á árinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

# Yfirlit um sjóðstreymi 2011

	Skýr.	Samstæða	
		2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		2.302.028.023	1.723.401.247
Afskriftir .....	8,9	1.350.681.831	1.321.226.252
Gjaldfærð langtímakrafa .....	11	68.630.727	57.924.552
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna .....		4.552	(13.620.562)
		<u>3.721.345.133</u>	<u>3.088.931.489</u>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>			
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		(34.993.854)	(48.081.422)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) .....		(172.579.310)	(375.624.598)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		490.978.238	(548.792.722)
		<u>4.004.750.207</u>	<u>2.116.432.747</u>
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>			
Innborgaðir vextir og arður .....		336.920.155	349.144.529
Greiddir vextir .....		(796.630.507)	(818.482.496)
Greiddir skattar .....		0	(57.006.442)
		<u>3.545.039.855</u>	<u>1.590.088.338</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	(712.063.077)	(646.054.514)
Keyptar/seldar óefnislegar eignir .....	9	(65.056.920)	(57.561.094)
Keypt/seld skuldabréf .....		(53.111.672)	(36.518.016)
Afborganir skuldabréfa .....		105.328.451	25.407.956
		<u>(724.903.218)</u>	<u>(714.725.668)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(1.711.985.048)	(1.237.233.794)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga .....		(8.950.448)	(9.449.495)
		<u>(1.720.935.496)</u>	<u>(1.246.683.289)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		1.099.201.141	(371.320.619)
Handbært fé í upphafi árs .....		1.506.340.263	1.895.465.133
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		3.443.462	(17.804.251)
		<u>2.608.984.866</u>	<u>1.506.340.263</u>

## 1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað 31. janúar 2010 og er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli.

Þann 29. desember 2009 voru sett ný lög á Alþingi nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkflugvallar. Þar kom fram að stofnað skuli nýtt opinbert hlutafélag og samkvæmt 5. gr. laganna skal hið nýja félag taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar yfirteknu félaganna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkflugvallar o.fl. Yfirtakan veitir ekki samningsaðilum yfirteknu félaganna, sem samruninn kann að varða, heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

Isavia ohf. og Flugfjarskipti ehf. sameinuðust þann 1. júlí 2010 en Flugfjarskipti ehf. sérhæfðu sig í að veita flugleiðsöguþjónustu á sviði fjarskipta vegna flugs yfir Norður-Atlantshafi. Flugfjarskipti ehf. var að fullu í eigu Isavia ohf. og ekki voru gefin út hlutabréf vegna samrunans.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf. og Tern Systems hf.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Accounting Standards, IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2011, breytingar á þeim og nýjar túlkánir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Fjallað er um mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda í skýringu hér að neðan. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrar eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyris-skriptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabili í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsineign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi ef tilefni er til og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsskiladegi meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatshækkun er færð á móti endurmatshækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatshækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna og lóða eru gjaldfærðar í rekstrarreikning.

Áhöld og tæki eru færð samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupþegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram visbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavilda er ekki heimilt að bakfæra.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptakröfur

